

**Sp.**

**11. Tillaga til þingsályktunar**

**[8. mál]**

um að ljúka heildarendurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Halldór E. Sigurðsson,  
Tómas Árnason, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að nefnd, skipuð samkvæmt ályktun Alþingis 24. maí 1947, ljúki sem fyrst heildarendurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og að niðurstöður hennar verði lagðar fyrir Alþingi.

**Greinargerð.**

Þegar hið íslenska lýðveldi var stofnað 1944, var að kalla mátti aðeins vikið til orðalagi í áður gildandi stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, svo að lýðveldi kæmi þar í stað konungsríkis, forseti í stað konungs o. s. frv. Flest önnur úrelt eða umdeilanleg ákvæði voru látin standa óbreytt. Þetta skyldi þó aðeins vera til bráðabirgða. Því var slegið föstu á Alþingi, að haldið yrði áfram endurskoðun stjórnarskrárinnar í heild og hinu unga lýðveldi sett hið allra fyrsta heilsteypt stjórnarskrá. En þetta hefur nú dregizt í hálfan annan áratug þrátt fyrir ítrekaðar ákvarðanir Alþingis fyrst framan af og skipun nefndar, sem setið hefur í samfleytt tólf ár með verkefni þetta á hendi.

Að vísu hafa þrír þingflokkar af skyndingu hlaupið til þess — utan við nefndina — að breyta einni grein stjórnarskrárinnar, 31. greininni. En þó að sú breyting kunní að öðlast gildi, verður heildarfrágangi stjórnarskrárinnar ólokið eftir sem áður, og getur það engan veginn talizt viðunanlegt.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt til þess að herða á því, að heildarendurskoðunin fari fram og henni ljúki sem fyrst.